

Íþróttir

Umsjón:
Víðir Sigurðsson

Víða leikið í kvöld

Gífurlegur fjöldi leikja fer fram í kvöld í Evrópumótunum í knattspyrnu. Fyrri leikir fyrstu umferðar eru á dagskrá og margar viðureignirnar eru mjög áhugaverðar.

Í Evrópukeppni meistaraliða bíða menn helst spennir eftir leik AS Roma, ítölsku meistaranna, og Gautaborgar frá Svíþjóð, sem varð UEFA-meistari svo óvænt fyrir hálfu öðru ári síðan. Evrópumeistarar Hamburger sitja hjá en ensku meistararnir Liverpool leika í Óðinsvéum í Danmörku gegn OB. Manchester United-Dukla Prag hefur mesta aðdráttaraflíð í Evrópukeppni bikarhafa. Í UEFA-bikarnum verður Pétur Pétursson á ferðinni með Antwerpen gegn Zürich frá Sviss, Kaiserlautern og Watford mætast í V.-Pýskalandi og Laval, lið Karls Þórðarsonar í Frakklandi, leikur gegn hinu fræga sovéska félagi Dinamo Kiev.



Sveinn Sveinsson þrumar að marki Carl Zeiss Jena í Evrópuleikum í gærkvöldi. Knötturinn stefndi í bláhornið en austur-pýski markvörðurinn náði að slá hann útaf. Mynd.: -eik.

Góð frammi staða ÍBV

Voru nálægt sigri gegn Jena í UEFA-bikarnum

Eyjamenn stóðu sig með sóma, eina ferðina enn, í Evrópukeppni í knattspyrnu í gærkvöldi. Þeir léku við hið kunna austur-pýska félag, Carl Zeiss Jena, á Kópavogsvellinum og liðin skildu jöfn, 0-0. Þetta var fyrri viðureign liðanna í UEFA-bikarnum, sú síðari verður í Austur-Pýskalandi eftir hálfan mánuð.

„Við áttum að vinna þennan leik. Hann var erfiður en Þjóðverjarnir voru slakari en ég bjóst við og úrslitin hefðu getað orðið okkur í hag. Ég vona bara að við náum að standa okkur úti, hanga á jöfnu eða tapa með eins litlum mun og hægt er,“ sagði Ómar Jóhannsson, miðvallarspilarinn leikni hjá ÍBV sem átti góðan leik í gærkvöldi.

Þjóðverjarnir voru heldur ágengari framan af og strax á annari mínútu skaut miðherjinn Troc-

ha hörkuskoti í varnarmann og í horn. Eyjamenn komust þó fljótlega inni leikinn og á 16. mínútu skallaði Tómas Pálsson að marki Jena og Grapenthin, hinn fertugi markvörður þeirra þýsku mátti hafa sig allan við til að koma boltanum aftur fyrir endamörk.

Jena sótti öllu meira í fyrri hálfleik, Ludwig, Trocha og Meixner áttu allir ágætir skottílraunir, sérstaklega var hætta þegar Aðalsteinn Jóhannsson náði að verja skot Trocha af stuttu færi. Besta marktækifæri ÍBV kom á 39. mínútu og þá þurfti Grapenthin heldur betur að taka fram sparihanskana. Sveinn Sveinsson þrumaði frá víta-teig, knötturinn stefndi í bláhornið uppi en sá gamli sveif þangað og blakaði honum útfyrir stöngina.

Í síðari hálfleik var jafnræði með

liðunum, Eyjamenn frískari ef eitthvað var. Þeim gekk þó brósuglega að skapa sér færi, sömuleiðis þeim þýsku. Aðalsteinn þurfti tvegis að verja skot, frá Schnuphase og Burow, hvorugt þurfti þó tilþrifa við. Tveimur mínútum fyrir leikslok munaði litlu að Eyjamenn næðu að knýja fram sigurmarkið. Sigurjón Kristinsson, eldfljótur sóknarmaður sem kom inná um miðjan síðari hálfleik, lék á varnarmann og renndi inná markteig Jena þar sem Jóhann Georgsson skaut fremur lausu skoti og Grapenthin náði að verja.


Í heild var þetta ekki tilþrifa-mikill leikur, einstaka kaflar þó hjá báðum sem glöddu augað. Eyjamenn hefðu ekki þurft mikla heppni til að ná sigri, þeir börðust vel, gáfu aldrei eftir og gekk oft ágætlega að spila upp miðjuna.

Ognunin frammi varð þó aldrei mikil þrátt fyrir spretti Tómasar Pálssonar. Ómar Jóhannsson lék vel, kom vel aftur og mest af spílinu kom út frá honum. Sveinn stóð sig ágætlega á miðjunni og Valþór Sigþórsson og Þórður Hallgrímsson voru sterkir í hjarta varnarinnar.

Þjóðverjarnir voru með daufara móti, hafa ekki unnið leik í sínu heimalandi á keppnistímabilinu og ekki tókst það heldur í Kópavogi. Þeir náðu stundum léttu og hröðu spili en þeir hafa enga afgerandi einstaklinga, liðsheildin er þeirra aðal. Þeir verða efallítið erfiðir heim að sækja og ekki raunhæft að reikna með áframhaldi Eyjamanna í keppninni en munurinn á liðunum virðist ekki það mikill að vel er hægt að vonast eftir lágum tölum úr síðari leiknum.

Dómari var Tony Kinsella frá Írlandi og stóð hann sig vel.

-VS



Mark McGhee er einn af lykilmönnum Aberdeen. Hann er útsjónarsamur og leikinn og leggur upp mikið af mörkum fyrir samherja sína. McGhee lék áður með Newcastle og Bristol City í Englandi en hefur fyrst náð að sýna snilli sína til fulls eftir komuna til Aberdeen.

Víkingar mæta Raba ETO í kvöld

Víkingar eru staddir í Ungverjalandi þessa stundina og í kvöld mæta þeir ungersku meisturunum, Raba ETO, í Evrópukeppni meistaraliða í knattspyrnu. Það verður erfiður róður fyrir Víkingana, ungerska liðið er talið mjög sterkt og skipa mörgum landsliðsmönnum. Síðari leikurinn verður á Laugardalsvelli eftir hálfan mánuð.

Sautjándi Evrópuleikurinn hjá ÍA í kvöld

Akurnesingar, sem mæta Aberdeen á Laugardalsvelli í kvöld, taka nú þátt í Evrópukeppni í knattspyrnu í níunda skipti. Þeir hafa, frá því þeir tóku þátt í fyrsta skiptið árið 1970, leikið 16 Evrópu-leiki. Einn sigur, tvö jafntefli og þrettán töp eru útkoman.

Sigurleikurinn var gegn Omonia frá Kýpur árið 1975, 4-0 á Laugar-

dalsvelli, en það ár komust Skagamenn í 2. umferð. Jafntefli gerðu þeir við Sliema á Möltu árið 1971 og í frægum leik gegn Köln á Laugardalsvelli árið 1978. Einna best var þó frammistaðan gegn Barcelona 1979 þegar spænska stórliðið mátti þakka fyrir 1-0 sigur á Laugardalsvelli. Síðast lék ÍA við Köln árið 1980 en mátti þá þola tvö töp, 0-4 og 0-6.

Víkingur vann Val

Víkingur sigraði Val 29-22 og KR sigraði Fylki með 16 mörkum gegn 14 í 2. umferð Reykjavíkurmótsins í handknattleik í Laugardalshöll í gærkvöld.

Íþróttaskór
fyrir alla fjölskylduna

PUMA

Mikið úrval.

Ennfremur íþróttagallar, æfingagallar.

Sport

Ingolfs Óskarrsonar

Kópavogi 34. sími 11763

